

Því dæmist rétt vera:

Ráðherra Íslands fyrir landssjóðs hönd á að vera sýkn af kærnum og kröfum áfryjanda, og fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður, að því er þá snertir. Sýslumaður Lárus H. Bjarnason greiði áfryjanda Sigurbirni Guðleifssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dóminum að fullnægja [innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. ágústmánaðar.

Nr. 17/1906

Jón Jónsson kaupmaður
gegn

Eggert Claessen cand. jur.

f. h. M. Weyergang í Mandal.

D ó m u r:

Hinn stefndi Eggert Claessen cand. jur. höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn áfryjandanum Jóni frv. kaupmanni Jónssyni í Reykjavík til að fá hann dæmdan til að greiða sér f. h. M. Weyergangs timbursala í Mandal eftirstöðvar, 700 kr. 83 a. af verði timburfarms, er áfryjandi hafði selt fyrir nefndan Weyergang. Jón Jónsson höfðaði aftur gagnsök

gegn Eggert Claessen f. h. Weyergangs og krafðist 3500 kr. í skaðabætur hjá Weyergang fyrir rof á umboðssölu-samningi. Var málið dæmt í bæjarþinginu 1. marz þ. á. og var áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda 700 kr. 83 a með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 16. jan. f. á. til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. En stefndi var algjörlega sýkn dæmdur af gagnkröfum áfrýjanda. Nokkur ummæli stefnda í sóknarskjölum hans um áfrýjandann voru og dæmd ómerk með dóminum.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. marz þ. á. og krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og stefndi verði dæmdur til að greiða honum alt að 3500 kr. í skaðabætur ásamt 5% vöxum frá sáttakærudegi til borgunardags eða aðra upphæð eftir réttarins mati, og að stefndi verði sektaður fyrir ærumeiðingar þær um áfrýjanda, er hann viðhafði fyrir undirréttinum. Til vara krefst áfrýjandi að hann fái að staðfesta með eiði framburð sinn í málinu um samninga hans við Weyergang, en hvernig sem málið fer, að stefndi verði dæmdur í málskostnað.

Stefndi hefir krafist þess aðallega, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, en til vara, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins.

Það er ekki ástæða til að frávísa málinu fyrir það, að Weyergang timbursala hefir ekki verið stefnt fyrir yfirdóminn. Eggert Claessen var dæmd skuldin með bæjarþingsdóminum sem innheimtumanni hennar, og það var því nægilegt að honum einum var stefnt við áfrýjun dómsins.

Sumarið 1902 og veturinn eftir samdist svo með áfrýjandanum og Weyergang timbursala í Mandal, að áfrýjandinn skyldi hafa á hendi fyrir hann umboðssölu á timbri hér á landi og skyldi áfrýjandi fá í þóknun fyrir starf sitt 500 kr. fasta þóknun fyrsta árið og auk þess 3% af því timbri, sem hann seldi fyrir Weyergang-Vorið 1903, snemma í maí, kom síðan timburfarmur frá Weyergang, sem áfrýjandi tók við, en hann skrifaði þá Weyergang aftur 13. maí, að hann þyrði eigi að ráða honum til að senda fleiri timburfarma það sumar, því að það yrði of 'seint og salan á hinum senda farmi mundi ganga all-stirðlega. Sendi Weyergang áfrýjanda þá ekki fleiri timburfarma, en hann krafði hann um reiknings-skil fyrir hinum senda farmi oftsinnis og fekk þau loks 8. júlí 1904. Hafði farmurinn eftir reikningi áfrýjanda selst á 6638 kr. 80 a., en áfrýjandi dró frá af upphæð þessari auk umsamdrar þóknunar 500 kr. og annara útgjalda, sölulaun af 30,000 kr. eða 900 kr. í stað þess að Weyergang hafði að eins lofað honum sölulaunum af því er hann seldi, eða in casu af 6638 kr. 80 a., en sölulaun af þeirri upphæð voru 199 kr. 17. a.

Eggert Claessen fyrir hönd Weyergangs hefir nú í máli þessu krafist leiðréttingar á þessari oftalningu sölulaunanna þannig, að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða honum fyrir hönd Weyergangs 900 kr. ÷ 199 kr. 17 a. = 700 kr. 83 a. og með því að áfrýjandinn hefir ekki neitað því, að sölulaunin, 3%, áttu að reiknast að eins af verði þess timburs, sem hann seldi, þá voru oftaldar Weyergang til útgjalda í téðum reikningi áfrýjanda 700 kr. 83 a., sem áfrýjandi er réttilega dæmdur til að greiða stefnda.

En áfrýjandi hefir haldið því fram, að Weyergang timbursali hafi rofið við hann umboðssölusamninginn er á var kominn milli þeirra, og eigi hann heimtingu á skaðabótum fyrir tjón það, er þetta samningsrof hafi bakað honum. Áfrýjandi hefir í þessu tilliti skýrt svo frá, að svo hafi verið umsamið, að áfrýjandi skyldi fá sent frá Weyergang svo mikið timbur sem hann gæti selt hér, að timbrið skyldi vera af beztu tegund frá Mandal, að áfrýjandi ætti að fá timbrið sent á svo mörgum skipum sem þörf væri á, og á þær hafnir er hann tæki til og á þeim tíma árs, er kaupendum væri haganlegast. Kveðst áfrýjandi hafa reitt sig á þessi loforð Weyergangs og sagt upp arðsamri atvinnu, er hann hafði, til þess að geta gefið sig allan við umboðssöluunni, hann hafi ferðast um Ísafjarðarsýslu og Borgarfjarðarsýslu til að útvega kaupendur að timbri og fengið pantanir fyrir allt að 30,000 kr. og hann hafi tilkynt Weyergang pantanirnar og að timbrið, 3—4 skipsfarmar, yrði að koma um sama leyti, í maímán. 1903, til Ísafjarðar, Borgarness, og Reykjavíkur. Í stað þess hafi Weyergang sent að eins 1 farm með úrkasti af timbri og hafi af því leitt, að áfrýjandi hafi orðið að bregða loforð sín við þá, er pantað höfðu timbur hjá honum og beðið stórhnekki af á áliti og lánstrausti, auk atvinnumissisins, og hefir hann metið skaða þann, er hann hafi beðið við þetta, 3500 kr.

Þessari skýrslu áfrýjanda hefir verið mótmælt af stefnda, sem eigi hefir kannast við, að annar samningur hafi komist á milli þeirra áfrýjanda og Weyergangs en sá, að áfrýjandi skyldi selja fyrir Weyergang það timbur, er Weyergang sendi honum, gegn þeirri þóknun

fyrsta árið og því hundraðsgjaldi, er fyr er greint, og því er einnig neitað af stefnda, að Weyergang hafi samþykkt eða lofað að senda 3—4 farma vorið 1903 og að hann hafi fengið tilkynningu um pantanir fyrir 30,000 kr. Gegn þessari neitun stefnda hefir áfrýjandinn ekki fært sönnur á að fyrgreind skýrsla hans væri rétt, um sanningsrof af hálfu Weyergangs.

Af bréfum þeim, er áfrýjanda og Weyergang hafa farið á milli 1902—1903 — en um aðra samninga milli þeirra er ekki að ræða en þá, er í bréfum þessum felast — sést það þvert á móti, að Weyergang hafði látið áfrýjanda vita það skýlaust þegar um miðjan vetur 1903, að hann ætlaði sér ekki að senda fleiri farma en einn í einu til áfrýjanda fyrst í stað, en auka verzlunina smátt og smátt ef áfrýjandi reyndist áreiðanlegur og verzlunin gengi vel, og það verður ekki séð annað en að áfrýjandi hafi látið sér lynda þessa fyrirætlun Weyergangs, þó að hann léti í ljósi ósk um stærri viðskifti þegar frá byrjun. Og í bréfi áfrýjanda 13. maí 1903 til Weyergangs þegar áfrýjandi ræður til að senda ekki fleiri farma, þá kennir hann það heldur ekki sanningsrofi af Weyergang að svo tókst til með timbursöluna að ráðlegast þótti að hætta við hana, eða inti neitt í þá átt að hann ætti skaðabótakröfu á hendur Weyergang fyrir gabb af hans hendi í viðskiftum þeirra, og er þetta í fullu samræmi við undangengnar bréfaskriftir þeirra. Það verður því ekki álitid að skaðabótakrafa áfrýjanda í máli þessu verði til greina tekin, hvorki aðalkrafa hans né varakrafa.

Það þykir ekki ástæða til að verða við kröfu áfrýjanda um sekt á stefnda fyrir ummæli þau í sóknar-

skjölum hans fyrir bæjarþinginu, er þar voru dæmd ómerk. Og með því að yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta dóm þenna að öllu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber áfryjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rétt vera;

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandi Jón kaupmaður Jónsson greiði stefnda cand. jur. Eggert Claessen f. h. M. Weyergangs timbur-sala í Mandal 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Nr. 5/1906:

Kristín Árnadóttir

gegn

Stefáni umboðsmanni Stephensen f. h.

H. B. Fogtmanns Efterfølger í Khöfn.

D ó m u r:

I máli þessu lögsótti í héraði stefndi, Stefán umboðsmaður Stephensen fyrir hönd verzlunarhússins H. B. Fogtmanns Efterfølger í Khöfn áfryjandann Kristínu Árnadóttur, sem tekið hefir að sér sem einasti erfingi